



Alþingi – Nefnda- og greiningarsvið

Umhverfis- og samgöngunefnd

150 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 5.5.2025

Málsnúmer: 202504-0008

SS

Efni: Umsögn um 265. mál – Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis og orkumála.

Vísað er í tölvubréf dags. 3. apríl frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar til umhverfis- og samgöngunefndar um 265. mál á 156. löggjafarþingi sem er frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér frumvarpið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Frumvarpið fjallar um ýmsar breytingar á lykillögum orku- umhverfismála m.a. á orkulögum nr. 58/1967, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum á jörðu nr. 57/1998, lögum um varnir gegn mengun stranda nr. 33/2004, lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Meginmarkmið frumvarpsins er að leggja til breytingar sem eiga að einfalda og auka skilvirkni í stjórnsýslu umhverfis- og orkumála og stytta afgreiðslutíma leyfisumsókna hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Náttúrufræðistofnun telur almennt að gagnlegar einfaldanir og aukning á skilvirkni séu til bóta en að það megi aldrei vera á kostnað gæða við ákvarðanatöku og að tryggja verði að breytingarnar auki ekki hættu á að ekki sé nægilega tekið tillit til áhrifa framkvæmda og starfsemi á umhverfi og náttúru. Einnig mega breytingarnar ekki draga úr tækifærum til samráðs og athugasemda.

Stofnunin gerir eina sértæka athugasemd en það er við 17. grein frumvarpsins sem fjallar um áætlaða breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 en þar er lagt til að bætt verði við 41. grein náttúruverndarlaga, sem fjallar um undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar, að Umhverfis- og orkustofnun fái heimild til að veita slíka undanþágu, þó einungis með bindandi umsögn Náttúruverndarstofnunar.

Í núverandi texta 41. greinarinnar er Náttúruverndarstofnun eina stofnunin sem hefur leyfi til að veita slíka undanþágu, enda meginstjórnsýslustofnun friðlýstra svæða. Þar kemur einnig fram að undanþágan sé einungis veitt eftir að umsögn Náttúrufræðistofnunar sem og viðeigandi náttúruverndarnefndar sveitarfélags liggi fyrir. Ekki er fjallað um í greinargerð þessa frumvarps hvernig þessar umsagnir Náttúrufræðistofnunar og náttúruverndarnefndar verða áfram hluti af ákvarðanatökuferlinu. Mun Náttúruverndarstofnun kalla eftir því áður en hún veitir bindandi umsögn til Umhverfis- og orkustofnunar eða fara umsagnirnar beint til Umhverfis- og orkustofnunar.



Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að þetta sé skýrt betur þannig að tryggt sé að stofnunin hafi áfram þetta mikilvæga umsagnarhlutverk. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta ólíklegt til að einfalda ferlið og telur því æskilegra að ákvæði 41. greinar standi óbreytt og Náttúruverndarstofnun verði áfram eina stofnunin sem veiti undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar, enda sú stofnun sem þekkir best til hvaða áhrif slíkar undanþágur geta haft á friðlýst svæði og þá náttúru sem þar er verið að vernda.

Náttúrufræðistofnun er ekki með frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar